

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands
Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögunum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð nr. 1110/2021 um sameiningu annars vegar Heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu Heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði tók gildi þann 20. september 2021. Í samráði við Kjósarhrepp og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var ákveðið að sameining Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði færi formlega fram 1. janúar 2022.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur sem er sameinað sveitarfélag Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 83,2 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins neikvæð um 5,3 millj. kr. Eigið fé eftirlitsins í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi var jákvætt um 21,5 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 6 starfsmenn í 4,3 ársverki á árinu 2023 og greiddi eftirlitið 52,6 millj. kr. (2022; 41,5 millj. kr.) í laun að meðtöldum stjórnarlausnum að fjárhæð 2,0 millj. kr. (2022: 2,0 millj. kr.) Launatengd gjöld námu 13,9 millj. kr. á árinu (2022: 12,1 millj. kr.) Laun framkvæmdastjóra námu 18,1 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 15,5 millj. kr.).

Á árinu 2023 fjárfesti Heilbrigðiseftirlit Vesturlands í tveimur rafmagnsbifreiðum. Er það í samræmi við auknar áherslur eftirlitsins á að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, 11. mars 2024

Í stjórn:

Kristinn Hallur Sveinsson
Birkir Snær Guðlaugsson
Sigrún Ólafsdóttir
Trausti Gylfason
Auður Kjartansdóttir
Sigurhanna Ágústa Einarisdóttir
Skúli Hreinn Guðbjörnsson

Framkvæmdastjóri:

Þorsteinn Narfason

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 11. mars 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 11. mars 2024

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrartekjur				
Framlög sveitarfélaga		14.999.998	15.000.000	20.000.001
Eftirlitsgjöld		56.923.163	51.000.000	53.684.888
Tekjur vegna rannsókna		4.553.404	3.200.000	4.447.808
Aðrar sértekjur		6.853.101	3.000.000	5.028.179
	4	<u>83.329.666</u>	<u>72.200.000</u>	<u>83.160.876</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	7	66.542.861	69.782.245	53.555.323
Annar rekstrarkostnaður	8	21.367.890	16.774.045	18.031.187
Afskriftir	9	2.116.464	992.857	194.064
		<u>90.027.215</u>	<u>87.549.147</u>	<u>71.780.574</u>
Rekstrarafkoma				
án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		(6.697.549)	(15.349.147)	11.380.302
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		1.845.579	0	696.696
Fjármagnstekjuskattur		(384.536)	(5.000)	(135.275)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(101.475)	0	(96.754)
		<u>1.359.568</u>	<u>(5.000)</u>	<u>464.667</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	11	<u>(5.337.981)</u>	<u>(15.354.147)</u>	<u>11.844.969</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		16.996.532	4.338.126
Fastafjármunir samtals	5,9	16.996.532	4.338.126
Óinnheimtar tekjur	6,10	574.009	747.595
Krafa á tengda aðila	14	0	714.032
Aðrar skammtímakröfur		2.528.376	3.196.234
Handbært fé		10.120.381	26.398.934
Veltufjármunir samtals		13.222.766	31.056.795
Eignir samtals		30.219.298	35.394.921
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	11	21.538.003	26.875.984
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	1.015.666	627.570
Skuld við tengda aðila	14	160.206	144.539
Ógreiddur kostnaður	13	7.505.423	7.746.828
		8.681.295	8.518.937
Skuldir samtals		8.681.295	8.518.937
Eigið fé og skuldir samtals		30.219.298	35.394.921
Skuldbindingar	15		

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) samkvæmt rekstrarreikningi	11	(5.337.981)	11.844.969
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	2.116.464	194.064
Veltufé (til) frá rekstri		(3.221.517)	12.039.033
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, hækkun		841.444	1.837.271
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		146.691	(707.989)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		988.135	1.129.282
Handbært fé (til) frá rekstri		(2.233.382)	13.168.315
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(14.774.870)	(6.950.000)
Framlag sveitarfélaga til eignakaupa		0	3.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		(14.774.870)	(3.950.000)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Staða við tengda aðila, breyting		729.699	(3.710.327)
Fjármögnunarhreyfingar		729.699	(3.710.327)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(16.278.553)	5.507.988
Handbært fé í ársbyrjun		26.398.934	20.890.946
Handbært fé í árslok		10.120.381	26.398.934

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað af sveitarfélögunum á Vesturlandi þann 15. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er allt eftirlitssvæði Vesturlandssvæðis.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2023 er birt í ársreikningnum til samanburðar. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðauka sem stjórn eftirlitsins hefur samþykkt.

Innlaun tekna

4. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi auk árlegra eftirlitsgjalda. Framlög sveitarfélaga er innheimt í samræmi við samstarfssamning aðila sem að eftirlitinu standa og skiptist á milli aðila í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftirnar eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Bifreiðar	5 ár
Innréttingar og tæki	5 ár

Óinnheimtar tekjur og skammtímakröfur

6. Óinnheimtar tekjur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2023	2023	2022
Laun starfsmanna	50.597.060	51.720.956	39.436.071
Laun stjórnar	2.026.149	2.750.075	2.036.766
Fæðispeningar	856.159	807.208	629.669
Áunnið orlof, breyting	(625.790)	581.170	387.851
Ökutækjastyrkir	249.845	600.000	314.198
Dagpeningar	317.101	360.000	315.600
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.339.107	7.169.760	5.889.321
Önnur launatengd gjöld	5.783.230	5.793.076	4.545.847
Laun og launatengd gjöld samtals	66.542.861	69.782.245	53.555.323
Fjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf (ársverk)	4,3		3,5

Skýringar, frh.:

Sundurliðanir, frh.

8. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2023	2023	2022
Húsaleiga og skrifstofukostnaður	2.523.903	1.897.300	2.228.622
Sími og burðargjöld	1.252.312	992.745	1.100.018
Rekstur bifreiða	3.132.174	2.200.000	3.152.244
Önnur aðkeypt þjónusta	11.235.399	9.979.000	9.298.201
Tölvukostnaður	709.975	650.000	521.181
Annar kostnaður	2.024.448	1.055.000	2.047.010
	<u>21.367.890</u>	<u>16.774.045</u>	<u>18.031.187</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Innréttingar	Samtals
		og tæki	
Heildarverð 1.1.2022	0	970.318	970.318
Keypt á árinu 2022	6.950.000	0	6.950.000
Framlög sveitarfélaga til bifreiðakaupa 2022	(3.000.000)	0	(3.000.000)
Heildarverð 31.12.2022	<u>3.950.000</u>	<u>970.318</u>	<u>4.920.318</u>
Keypt á árinu 2023	14.774.870	0	14.774.870
Heildarverð 31.12.2023	<u>18.724.870</u>	<u>970.318</u>	<u>19.695.188</u>
Afskrifað samtals 1.1.2022	0	388.128	388.128
Afskriftir ársins 2022	0	194.064	194.064
Afskrifað samtals 31.12.2022	0	582.192	582.192
Afskriftir ársins 2023	1.922.400	194.064	2.116.464
Afskrifað samtals 31.12.2023	<u>1.922.400</u>	<u>776.256</u>	<u>2.698.656</u>
Bókfært verð 31.12.2022	3.950.000	388.126	4.338.126
Bókfært verð 31.12.2023	<u>16.802.470</u>	<u>194.062</u>	<u>16.996.532</u>
Afskriftahlutföll ..	20%	20%	

Skammtímakröfur

10. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2023	2022
Niðurfærsla í ársbyrjun	260.420	576.509
Endanlegar afskrifaðar kröfur	(102.188)	0
Breyting á niðurfærslu á árinu	118.403	(316.089)
Niðurfærsla í árslok	<u>276.635</u>	<u>260.420</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2022	15.031.015
Rekstrarniðurstaða ársins 2022	11.844.969
Eigið fé 1.1.2023	26.875.984
Rekstrarniðurstaða ársins 2023	(5.337.981)
Eigið fé 31.12.2023	21.538.003

Skammtímaskuldir

12. Viðskiptaskuldir

	2023	2022
Lánardrottinnar	1.015.666	627.570
	<u>1.015.666</u>	<u>627.570</u>

13. Ógreiddur kostnaður greinist þannig:

Áfallið orlof	4.339.819	4.965.609
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	1.889.997	1.655.013
Ógreidd önnur launatengd gjöld	1.267.067	1.130.270
Aðrar skammtímaskuldir	8.540	8.540
Skammtímaskuldir samtals	<u>7.505.423</u>	<u>7.746.828</u>

Tengdir aðilar

14. Aðal- og varamenn í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar eftirlitsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Í skýrslu stjórnar er getið um laun greidd til stjórnar og framkvæmdastjóra.

Kröfur og skuldir á tengda aðila sundurliðast með eftirfarandi hætti í árslok 2023:

	Skuld 2023	Krafa 2023	Skuld 2022	Krafa 2022
Akraneskaupstaður	0	0	0	127.150
Borgarbyggð	0	0	0	29.000
Dalabyggð	0	0	0	479.882
Hvalfjarðarsveit	160.206	0	144.539	0
Snæfellsbær	0	0	0	78.000
	<u>160.206</u>	<u>0</u>	<u>144.539</u>	<u>714.032</u>

Heilbrigðiseftirlitið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti eftirlitsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Skuldbindingar og leigusamningar

15. Á árinu 2009 gerði Heilbrigðiseftirlitið samning við Hvalfjarðarsveit um leigu á aðstöðu og þjónustusamning um bókhald en samningurinn um bókhaldið færðist yfir til Hvalfjarðarsveitar 1. janúar 2012. Samningurinn tók gildi 1. september 2009 og er ótímabundinn. Kostnaður á árinu 2023 nam 2,0 millj. kr. (2022: 1,7 millj. kr.) og er færður á annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi.

Á árinu 2020 gerði Heilbrigðiseftirlitið samninga vegna leigu bifreiða. Samningarnir eru gerðir til 3-4 mánaða í senn. Kostnaður á árinu 2023 nam 1,1 millj. kr. (2022: 2,5 millj. kr.)